

STARFSLEYFISTILLAGA

Eldi alifugla (kjúklinga)

Reykjagarður hf.

Lögheimili: Fossháls 1, 110 Reykjavík

Starfsstöð: Jarlsstaðir, Rangárþing ytra

Kt.: 650903-2180

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Reykjagarð hf., kt. 650903-2180, fyrir rekstur kjúklingabús í landi Jarlsstaða, Rangárþingi ytra. Reykjagarður hf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir¹.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka kjúklingabú, með stæði fyrir allt að 60.000 fugla (að hámarki 60.000 fuglar á hverjum tíma), í fjórum eldishólfum tveggja 2.000 m² eldishúsa ásamt þjónustuhúsi að Jarlsstöðum. Skal lífmassi á hvern m² aldrei fara yfir 39 kg/m² sbr. niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT-niðurstöður, 2017)² sbr. gr. 1.4.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, sbr. lið 6.6. í I. viðauka reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Eftirlit

¹ Rekstraraðili skal einnig starfa í samræmi við reglugerð nr. 135/2015 um velferð alifugla.

² BAT-niðurstöður, BAT conclusions (BATC) under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs, notified under document C(2017) 688.

felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsókna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sem byggja á m.a. viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

1.4 Besta aðgengilega tækni (BAT)

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs, 2017“ (BREF)³ ásamt BAT-niðurstöður í „Best Available Techniques conclusions under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ sem var birt í „Official Journal of the European Union“ þann 21. febrúar 2017, hér eftir nefnt BAT-niðurstöður. Útgefandi starfsleyfis horfir til þeirra viðmiða er koma fram í BAT-niðurstöður skv. 8., 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við BREF og/eða BAT-niðurstöður greina.

Rekstraraðili skal skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir fyrir bestu aðgengilegu tækni eru nýttir á búinu með vísan í BAT-niðurstöður greinar eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis. Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöður.

1.5 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.6 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera til staðar áætlun um frágang til þess að alifuglum, úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt skv. neyðaráætlun um meðhöndlun alifugla sbr. ákvæði gr. 2.7. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni sem tilheyra rekstrinum. Tímasett viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar skal samþykkt af eftirlitsaðila.

Rekstrarstöðvun, varanleg eða tímabundin, skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megí út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Gera skal

³Germán Giner Santonja, Konstantinos Georgitzikis, Bianca Maria Scalet, Paolo Montobbio, Serge Roudier, Luis Delgado Sancho; *Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Intensive Rearing of Poultry or Pigs*; EUR 28674 EN; doi:10.2760/020485

Brunavörnum Rangárvallasýslu viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hafi verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.7 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar 550/2018,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni (BAT-niðurstöður) sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.8 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests er eftirlitsaðila heimilt sbr. 1. mgr. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila.

Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tilteksins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið.

Telji Umhverfisstofnun að um alvarlega hættu sé að ræða, og að aðgerð þoli enga bið, er stofnuninni heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað og tilkynna það heilbrigðisnefnd Suðurlands sbr. 63. gr. laganna.

1.9 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.8 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

1.10 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.2. og góðum búskaparháttum sem draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið, þ.m.t. varðandi starfshætti, fódrun, lykt og alla meðferð úrgangs og förgun svo og að draga úr losun efna út í umhverfið eins og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Beita skal bestu aðgengilegu tækni við að takmarka losun frá starfseminni með aðferðum sem samræmast 4. kafla BAT-niðurstöður fyrir holdakjúklinga.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila sbr. 2. liður gr. 1.1. í BAT-niðurstöður.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á starfsstöðinni og skulu starfsmenn kjúklingabús að Jarlsstöðum fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis skv. 4. liðum b, c, d skilyrða umhverfisstjórnunarkerfis sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.1.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar

þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfsemi. Fjarlægja skal úrgang af lóð innan deiliskipulagsmarka (hérefir nefnt athafnasvæði) þegar í stað. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja skal staðlað umhverfisstjórnunarkerfi sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.1. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópu-sambandsins eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstaðna gr. 1.1.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal lyktarmengun frá starfsemi. Umhverfisstjórnunarkerfi skal liggja fyrir eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal það aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig.

2.7 Áætlun um rekstrarstöðvun (neyðaráætlun)

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun alifugla þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega.

2.8 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að óhöpp eða slys sem orðið hafa endurtaki sig og skal eftirlitsaðili vera upplýstur um þær ráðstafanir.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við innleiðingarákvæði BAT- niðurstaðna í reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun, og skal það gert ef við á samkvæmt ákvæðum í grein 1.7.

HRÁEFNI, ELDSNEYTI OG FRAMLEIÐSLA

3.2 Móttaka, flutningur og framleiðsla

Flutningur á hráefnum og framleiðsla kjúklinga skal vera skv. BAT-niðurstöður gr. 1.2.

Rykmengun skal haldið í lágmarki skv. BAT-niðurstöður gr. 1.8. Ef við framleiðslu myndast fínt efni skulu eldishús og geymslur vera lokaðar þannig að ekki sé hætt við rykmyndun og foki í næsta umhverfi. Nota skal yfirbyggð og lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarbúnað þar sem hætta er á rykmyndun. Ryk frá alifuglaeldi getur innihaldið agnir af fóðri, undirlagi, húsdýraáburði (hænsnaskít), fjöðrum og húðflögum fuglanna, agnir smádyra líkt og mítla, örverur (bakteríur, sveppir). Varast skal að ryk safnist upp við loftúður eldishúsa.

Við móttöku hráefna skal sömuleiðis gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu, brotni eða skemmist. Síló og aðrir mögulegir rykmyndunarstaðir skulu útbúin með ryksöfnunarbúnaði skv. BAT-niðurstöður. Gott fyrirbyggjandi viðhald skal vera á færiböndum, sílóum og þess háttar mannvirkjum.

Eldishús skulu þrífín eigi síðar en 7 dögum eftir tæmingu. Þrif skulu innihalda útmokstur, þvott með spápu, sótthreinsun og þurrkun. Rekstraraðili skal sjá til þess að nýting vatns sé skv. BAT-niðurstöður gr. 1.4.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs (næringarefna) sé í lágmarki sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.3., t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

Heildarlosun köfnunarefnis (N) skal mæld og/eða metin skv. BAT-niðurstöður gr. 4.9.1. og skal ekki vera meiri en 0,6 kg N/fuglastæði/ári sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.3. töflu 1.1. bls. 238 fyrir holdakjúklinga.

Heildarlosun fosfórs (P_2O_5) skal mæld og/eða metin skv. BAT-niðurstöður gr. 4.9.1. og skal ekki vera meiri en 0,25 kg P/fuglastæði/ári sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.3. töflu 1.2. bls. 239 fyrir holdakjúklinga.

3.4 Frágangur, hráefnisgeymslur og vörugeymslur

Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og skv. kröfum BAT-niðurstöður gr. 1.2. Enginn mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hætt á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Geymsla aukaafurða skal ekki valda mengun. Geyma skal aukaafurðir í vel lokuðu geymslurými, t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé flutt af svæðinu. Ekki má geyma aukaafurðir í langtímageymslu utan lóðar án leyfis Umhverfisstofnunar.

LOFT

3.5 Hönnun, rekstur og rykmengun

Hönnun og rekstur búsins skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri. Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir sem uppfylla kröfur BAT-niðurstöður gr. 1.8. Koma skal í veg fyrir eða draga úr mengun sem getur borist langar leiðir eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 817/2002 mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti við eldshús innan marka byggingarreits skv. deiliskipulagi.

Takmarka skal hávaða frá starfsemi skv. BAT-niðurstöður gr. 1.7. BAT nr. 10. Þess skal gætt að hávaði frá starfsemi valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk (jarðamörk Jarlsstaða skv. deiliskipulagi eða skilgreinds landbúnaðarsvæðis) skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.6 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal draga úr lyktarmengun frá búinu skv. BAT-niðurstöður gr. 1.9 og gr. 3.1.2. Gera skal ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu, valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Jarlsstaða. Þá skal gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Rekstraraðili skal fara eftir fjarlægðum eldishúsa við mannabústaði, útivistarsvæði, vinnustaði skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldshús alifugla, loðdýra og svína og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Heildarlosun ammoníaks (NH₃) í andrúmsloft frá hverju eldshúsi skal mæld og/eða metin skv. BAT-niðurstöður gr. 4.9.2. eða gr. 4.9.3 og ekki vera meiri en 0,08 kg NH₃/fuglastæði /ári sbr. BAT-niðurstöður gr. 3.1.2. töflu 3.2 bls. 259-260.

VATN

3.7 Frárennsli

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal leitt í sér hreinsivirki. Meðhöndlun frárennslis frá starfsemi skal vera skv. BAT-niðurstöður gr. 1.5. Við þrif á eldshúsum, skal leiða afrennslisvatns frá þvottaaðstöðu í rotþró og siturlögn. Niðurföll í eldisrymum skulu vera lokuð á eldistíma og eru aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur og þá opnuð á meðan þvotti stendur svo lágmarka megi þann lífræna úrgang sem berst í hreinsivirki.

Hitaveituvatn og ofanvatn skal ekki leiða í rotþró og er heimilt að leiða slíkt vatn framhjá rotþróum í siturlögn eða í yfirborðsvatn.

Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyru til endurnýtingar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.

3.8 Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur

Húsdýraáburður sem nýttur er til dreifingar fellur utan gildissviðs um meðhöndlun úrgangs sbr. b. lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Öllum húsdýraáburði skal safnað saman á þann hátt að mengun hljótist ekki af.

Losun næringarefna úr húsdýraáburði (útmokstri) frá Jarlsstöðum við dreifingu skal ekki vera meira en:

- Köfnunarefni 891 kgN/ár

Dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöður gr. 1.13. Húsdýraáburði skal dreift á tún, í flög eða í landgræðslu á tímabilinu frá 1. apríl til 15. október ár hvert, þegar jarðvegur er ófrosinn og hann nýtist gróðri. Ef óviðráðanlegar aðstæður á því tímabili hafa valdið því að dreifing hefur verið takmörkuð eða ómöguleg er hægt að sækja um undanþágu frá þeim tímamörkum sem hér koma fram hjá leyfisveitanda.

Við dreifingu skal leitast til að vindátt standi af nálægri byggð. Ekki er heimilt að dreifa húsdýraáburði á stöðum þar sem að hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból. Við dreifingu húsdýraáburðar skal fylgja fjarlægðarviðmiðum við vatnsból, íbúabyggð og sumarbyggð í skipulagsskilmálum deiliskipulags Jarlsstaða.

Heimilt er að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir starfsleglum BAT-niðurstöður gr. 1.13., BAT-niðurstöður gr. 1.2. og starfsreglum um góða búskaparhætti sem og ákvæðum í starfsleyfi þessu. Framsal rekstraraðila til þriðja aðila firra hann þó ekki ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Liggja skal fyrir samningur við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu og skal leyfisveitandi hafa afrit af þeim samningum.

Rekstraraðili, sem og þriðji aðili, skal jafnframt fara að ákvæðum gildandi deiliskipulags fyrir Jarlsstaði hvað varðar nýtingu húsdýraáburðar til landgræðslu þar sem settir hafa verið skilmálar um nýtingu úrgangsins á jörðinni.

Rekstraraðili skal hafa áætlun um nýtingu húsdýraáburðar til 5 ára í senn í samvinnu við Landgræðslu Ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sbr. deiliskipulag Jarlsstaða. Skal áætlunin liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar, og honum ekki komið til þriðja aðila til dreifingar, skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnisefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Hauggeymsla skal hindra fok húsdýraáburðar eins og kostur er. Frárennsli frá hauggeymslu skal vera leitt í rotþró og siturlögn eftir útfærslu rekstraraðila sem er í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BREF). Við losun húsdýraáburðar úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis húsdýraáburðar.

Ef nauðsynlegt reynist að færa húsdýraáburðinn í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð þá skilgreinist húsdýraáburðurinn sem úrgangur og skal meðhöndlaður skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

ÚRGANGUR

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Við meðferð úrgangs skal fara eftir ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva og frárennslis sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðhöndlun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgangur frá búinu, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum, olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði búins skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

Olíu skal geyma í þar til gerðum tönkum. Olíutankur fyrir varaafstöð ásamt lekaþró eða tvöfaldur tankur, skal vera í staðsett inni í þjónustuhúsi. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma. Ofanjarðar olíugeymar stærri en 10.000 lítrar skulu vera í lekavörn.

Leyfisveitandi skal ávalt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur og sóttthreinsiefni) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn og skulu þau vera á íslensku.

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnarðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablanda. Slík efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í fráveitu um niðurföll, í andrúmsloft né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunun skv. grein 2.7.

3.12 Dauður eða sýktur fugl

Hræjum dauðra alifugla skal koma fyrir í sérstaka hrægáma og þau færð til viðeigandi meðhöndlunar⁴. Komi upp sýking í alifuglum á búinu skal hafa samband við Matvælastofnun⁵.

Í neyðaráætlunin tímabundinnar/varanlegrar stöðvunar, sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri búins, skulu vera tillögur um meðferð og förgun kjúklinga þann tíma sem búið er ekki í rekstri.

3.13 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að búinu. Staðsetning og aðstaða til haugvinnslu, sbr. gr. 3.8, skal vera varinn eftir fremsta megni til að hindra aðkomu vargfugls og meindýra með virku meindýraeftirliti.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið skv. BAT-niðurstöður gr. 1.14 og 1.15. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn á hverjum tíma og afföll,
- fódurnotkun, fódurnýting og fódurgerð,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru á búinu,
- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,
- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- teikningar af frárennsli,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- gögn vegna ákvæða gr. 4.5 um grænt bókhald og útstreymisbókhald,
- niðurstöðum mats og/eða mælinga skv. gr. 4.2.

⁴ Fylgja skal ákvæðum rekstrarleyfis Matvælastofnunar um meðhöndlun dauðra fugla.

⁵ Fylgja skal ákvæðum rekstrarleyfis Matvælastofnunar um förgun fugla ef upp kemur sýking.

4.2 Mælingar og/eða mat

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga við eldishús. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður losunarmælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Mæla og/eða meta skal losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði skv. BAT 24 og 27 í BAT-niðurstöður gr. 1.15., rykmengun frá eldishúsum og losun ammóníaks við eldishús skv. BAT 25 eða 28 í BAT-niðurstöður gr. 1.15.

Rekstraraðili skal framfylgja mæliáætlun skv. vöktunaráætlun starfseminnar sem skal yfirfarin ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

Rekstraraðili skal vakta fjöldi fugla, aðfluttra og fráfluttra, þ.á.m. dauða fugla, neysla fóðurs, magn húsdýraáburðar sem myndast við reksturinn skv. BAT 29 í BAT-niðurstöður gr. 1.15., og skrá niður sbr. gr. 4.1.

4.3 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Eftirlitsaðilar Umhverfisstofnunar geta krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

4.4 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða árskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.5 Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða. Heimilt er að skila skýrslunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

4.6 Vöktunaráætlun umhverfisvöktunar

Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni búsins í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun og vinna eftir henni við reksturinn. Vöktunaráætlun skal liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti. Skal sú áætlun vera aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit og starfsmönnum búsins.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í I. Viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til dd. mm.áááá.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík dd. mm. áááá
Umhverfisstofnun

Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Hildur Vésteinsdóttir
sviðsstjóri

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1. segir að rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis.
- Í gr. 1.4 segir að rekstraraðila ber að skila inn skjali um bestu aðgengilegu tækni Jarlsstaða, sem útskýrir hvaða BAT aðferðir eru nýttar við rekstur búsins með vísan í BAT-niðurstöður greinar, eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis.
- Í gr. 2.5. segir að umhverfisstjórnunarkerfi (e. environmental management system) og skal liggja fyrir, og vera aðgengilegt eftirlitsaðila, eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis.
- Í grein 3.8 segir að rekstraraðili skuli skila til Umhverfisstofnunar áætlun um nýtingu húsdýraáburðar á jörðinni og skal hún liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis.
- Í grein 4.4 segir að að rekstraraðili skuli senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga samkvæmt grein 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
- Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða, sbr. grein 4.5.
- Í grein 4.6 er segir að vöktunaráætlanir og mæliáætlanir skulu skila Umhverfisstofnun fyrir útgáfu þessa starfsleyfis.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

FYLGISKJAL 1

Krafa um að skylt sé að reka umhverfisstjórnunarkerfi:

Kjúklingabú Reykjagarðs að Jarlsstöðum með 60.000 stæði fyrir fugla er starfsemi sem fellur undir I. viðauka við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tilheyrir starfsemi sem talin er upp í I. viðauka tilskipunar 2010/75/ESB um losun frá iðnaði.

Krafa um skyldu til að reka umhverfisstjórnunarkerfi er byggð á gr. 36 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er segir „Ábyrgðaraðilar starfsleyfisskylds atvinnurekstrar, [sbr. viðauka I–IV, sem] hefur í för með sér losun mengandi efna í andrúmsloft skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. með umhverfisstjórnun og hreinsibúnaði, til að draga úr slíkri losun eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.“

Einnig er krafa um að reka umhverfisstjórnunarkerfi almenn BAT-krafa sbr. BAT-niðurstöður gr. 1.1. bls. 235 sem gildir fyrir þau bú sem falla undir „Best available techniques (BAT) conclusions, under Directive 2010/75/EU of the European Parliament and of the Council, for the intensive rearing of poultry or pigs“ sem birt var í „Official Journal of the European Union“ þann 21. febrúar 2017.

Ekki er skylda að taka þátt í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) en umhverfisstjórnunarkerfið sem rekstraraðili velur að vinna eftir þarf að uppfylla BAT kröfur um slík kerfi skv. BAT-niðurstöður gr. 1.1.

FYLGISKJAL 2

Útskýring á kröfum starfsleyfis

- Í gr. 1.2 er vitnað í BAT-niðurstöður, er þá átt við niðurstöðuskjal bestu aðgengilegu tækni fyrir þaueldi alifugla og svína frá 2017, út frá BAT skýrslu (BREF).
- Í gr. 2.1 er vísað til 4. kafla BAT-niðurstöður, þá er átt við aðferðum lýst í BAT-niðurstöður gr. 4.1. (BAT 6 og 7), 4.2. (BAT 8), 4.3. (BAT 11), 4.4. (BAT 13), 4.5. (BAT 14 og 15) eða 4.6. (BAT 16, 17 og 18), 4.7. (BAT 19) eða 4.8. (BAT 21), 4.9. (BAT 24, 25, 27 og 28), 4.10. (BAT 3 og 4) og 4.11 (BAT 11) bls. 262-273 og 4.13.2 bls. 278.
- Í gr. 3.2 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.2., er þá átt við BAT 2. bls. 236.
- Í gr. 3.2 2. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöðuR gr. 1.8., er þá átt við BAT 11. bls 243.
- Í gr. 3.2 3. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.8., er þá átt við BAT 11. lið c)
- Í gr. 3.2 4. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.4., er þá átt við BAT 5. bls. 239.
- Í gr. 3.3 er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.3., er þá átt við BAT 3. bls. 237.
- Í gr. 3.4 er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.2., er þá átt við BAT 2. bls. 236.
- Í gr. 3.5 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.8., er þá átt við BAT 11. bls. 243.
- Í gr. 3.5 3. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.7., er þá átt við BAT 10. bls. 242-243.
- Í gr. 3.6 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.9., er þá átt við BAT 13. bls. 245-246.
- Í gr. 3.6 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 3.1.2., er þá átt við BAT 32. bls. 259-260.
- Í gr. 3.6 2. mgr. er vitnað í BAT gr. 3.1.2. töflu 3.2. Þar er talað um BAT-AEL (e. best available techniques-associated emissions levels), er þá átt við BAT 32. og töflu 3.2 bls. 259-260.
- töflu 1.1. og töflu 1.2. bls. 238-239.
- Í gr. 3.7 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.5., er þá átt við BAT 6. bls. 240.
- Í gr. 3.8 3. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.13., er þá átt við BAT 20., 21. og 22. bls. 250-252.
- Í gr. 3.8 4. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.2., er þá átt við BAT 2. á bls. 236-237.
- Í gr. 3.8 6. mgr. er vitnað í BAT, þá er átt við BAT skýrslu (BREF, 2017), bls. 112.
- Í gr. 4.1 1. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. gr. 1.14 og 1.15, er þá átt við BAT 23., 24., 25., 27., 28. og 29. bls. 252-255.
- Í gr. 4.2 2. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.15., er þá átt við BAT 24. fyrir mælingar og/eða mat á köfnunarefni og fosfór, 27. fyrir rykmengun og 25. eða 28. eftir því sem við á fyrir losun ammóníaks.
- Í gr. 4.2 4. mgr. er vitnað í BAT-niðurstöður gr. 1.15, er þá átt við BAT 29. bls. 254 eftir því sem við á skv. gr. 4.1.